

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is).

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 27. TBL.

24. APRÍL 2009

## Íþróttakeppni grunnskólanna haldin 7. maí

Fimmtudaginn 7. maí verður efnt til íþróttakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði. Þar munu 9. bekkingar skólanna spreyta sig í fótbolta, handbolta, skotbolta, sundi og víðavangshlaupi. Samanlögð stigagjöf býr svo til sigurskóla. Keppnin fer

fram á Ásvöllum og hefst kl. 9 og lýkur á hádegi. Framkvæmdin er í höndum íþróttakennara grunnskólanna sem hafa verið að undirbúa keppnina í vetur.

Dagur keppinnar var valinn með hliðsjón af samræmdum prófum í 10. bekk

sem voru ráðgerð þennan dag en síðan var hætt við þau. 8. bekkingum grunnskólanna er boðið að gerast áhorfendur á keppninni sem væntanlegir kpendur næsta vetur.

Myndin er frá fagfundi íþróttakennara haustið 2008.



## Hlíðarskóli sigurvegari í BEST 2009

Lokakeppni BEST 2009, **Bekkirir keppa í stærðfræði**, fór fram í Hafnarfirði 21.-22. apríl. Alls kepptu tíu skólar til úrslita í keppninni og var Víðistaðaskóli einn þeirra. Fyrir hönd Víðistaðaskóla

kepptu Birkir Snær Helgason, Gauti Jónsson, Ragnheiður Sveinsdóttir og Sigurrós Arnardóttir. Hlíðarskóli var sigurvegari í stærðfræðikeppninni en Hvolsskóli fyrir bekkjarverkefni sem

var um umhverfisáhrif af gerð hafnar í Landeyjum fyrir Vestmannaeyjaferju. Bekkjarverkefni Víðistaðaskóla var um SMT og áhrif þess í skólanum. En bekkjarverkefni höfðu þemað stærðfræði og um-

hverfi í ár. Myndin hér er af nemendum Víðistaðaskóla og kennara þeirra auk þess sem glittir í verkefnið þeirra. Myndin er tekin í Bókasafni Hafnarfjarðar þar sem sýning var á bekkjarverkefninum.





## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Skilafrestur teikninga í frímerkjasamkeppni 5. bekkinga í Hafnarfirði er til 29. apríl nk. Minnt er á að skila möppum með teikningum nemenda til Skólaskrifstofu í síðasta lagi þann dag. Dómnefnd tekur til starfa þann 30. apríl en úrslit verða kynnt á Norrænu frímerkjasýningunni sem verður haldin í íþróttahúsinu í Strandgötu í lok maí, á Björtum dögum. Verðlaunateikningar verða gefnar út á persónulegum frímerkjum til höfundu. Opið er fyrir alla á sýninguna.

Myndirnar eru úr Áslandsskóla, úr matsal, myndmennt og frá 1. bekk.



## Hljóðvinnsla, tónlistar- og kvikmyndaspilarar

Fríforrit vikunnar eru ýmis forrit sem tengjast hljóðvinnslu og tónlistar-spilun í tölvum.

Fyrst er að nefna hljóðvinnsluforrit. Þau eru t.d. [AudiobookCutter](#), [Audacity](#) og [MixCraft](#) auk [Mp3MyMp3 - Mp3](#). Þá ber að geta forrita sem taka upp hljóð í tölvuna, þ.e. upptökur. Það eru t.d. [Digital Audio Recorder](#) og [Smart PC Recorder](#). Loks má forrit sem breyta hljóðsniðum (convertar), s.s. [Koyote](#).

Næsti flokkur hljóðforrita eru forrit sem vinna með

tónlist, t.d. [Finale NotePad](#) sem skrifar nótur fyrir tónlistina þína, [TuxGuitar](#) sem er gítarforrit og loks [Media-Monkey](#) sem sýslar með tónlist í tölvunni.

Þá eru nefnd til sögunnar spilarar fyrir forritin frá Adobe, þ.e. Shockwave og Flash forritin sem þurfa eigin spilarara, þ.e. [Shockwave spilara](#) og [Flash spilara](#). [Standalone Flash spilarari](#) er sjálfstæður flashmyndaspilarari og ekki tengdur Adobe.

Loks er að nefnda tónlistar- og kvikmyndaspilara í tölvum en þeir eru margir

## Fríhugbúnaður

og sumir eru einnig brennarar og rípparar. Þeir eru t.d. [GOM Media Player](#), [JetAudio Basic](#) (spilari, ríppari), [Irfan-View](#) (líka ljósmyndaskoðari og ljósmyndavinnsluforrit). [Miro](#) er meira en spilari. [Quicktime](#) er kvikmyndaspilarinn fyrir Makkann og aðrar tölvur. Þá má nefna [VLC Media Player](#) sem spilar ótrúlega mörg snið og spilar þegar aðrir spilarar geta það ekki. [WinAmp Media Player](#) og [Windows Media Player](#) eru einnig spilarar og ofmetnir.

Tölvur hafa breytt tónlistarheiminum.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

## Tilkynning vikunnar

Skólavefrítíð tekur nú tveggja vikna frí. Næsta föstudag er frídagur verkamanna, 1. maí og því kemur blaðið ekki út þá. Vegna anna ritstjóra kemur blaðið ekki heldur út þann 8. maí og því líða þrjár vikur þar til blaðið kemur út næst.

Næsta blað *Skólavefrítsins* er væntanlegt föstudaginn 15. maí 2009

## Fríar vefbækur

Bókin er þarfaping og á margan hátt grundvöllur að vestrænu menntakerfi með tilkomu prentækni Gutenbergs fyrir um 450 árum síðan. Fátt bendir til að bókin sé á útleið þrátt fyrir tilkomu tölvunnar. Þrátt fyrir það fjölgar vefbókum, þ.e. aðgangur að heilum bókum á tölvutæku formi (pdf eða öðru sniði).

VEFSLÓÐ: <http://www.e-booksdirectory.com/>



## Vefhornið

Þar koma helst til bækur sem ekki eru lengur háðar höfundarétti, þ.e. margar sígildar bækur. Vefur vikunnar er með frían aðgang að mörgum sígildum bókum, t.d. barnabókum, sem hægt er að hlaða niður og lesa í tölvu.

Fróðlegt og skemmtilegt fyrir þá sem vilja heldur lesa bækur í tölvum en á pappír.